

Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Vinna við úthlutun úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2011 átti sér stað í lok ársins, eins og áður, og sem fyrr var faglegt mat skilið frá úthlutunarvinnu. Faglegt mat önnuðust fimm fagráð, fagráð fræðasviða skólans. Í hverju fagráði voru um 5–8 fulltrúar, þar af voru einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráðin mátu allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar. Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður. Lögð var áhersla á að styrkja sem best þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda.

Umsóknir voru 232 og voru alls 177 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 175 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2011. Meðalstyrkur var 991 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefnabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður. Á árinu 2010 voru einnig veittir styrkir til nýdókora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs. Alls voru veittir 11 styrkir (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Tryggt hefur verið fjármagn til þessara styrkja á árinu 2011. Þá voru veittir 68 styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi.

Ekki reyndist unnt að úthluta nýjum styrkjum til doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands að þessu sinni (sjá nánar kafla um Háskólasjóð). Sjóðurinn stendur þó við fyrri skuldbindingar sínar.

Þá voru veittir sérstakir styrkir til doktorsnema úr Rannsóknasjóði svipaðir þeim sem veittir hafa verið úr Háskólasjóði. Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsóknarferli stúdents. Vísindanefnd úthlutaði síðan styrkjum til 20 verkefna í febrúar.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að úttekt og endurskoðun vegna úthlutana úr sjóðum í umsjá nefndarinnar. Einnig voru veittar umsagnir um stofnun vísindasíðanefndar á sviði félags- og atferlisvísinda og tillögur starfshóps um árangur í rannsóknum og skiptingu fjárveitinga. Þá lagði nefndin fram tillögur um stuðning við unga vísindamenn og um aukna sókn í erlenda samkeppnissjóði. Nefndin hélt einn fund með formönnum vísindanefnda fræðasviðanna.

Skipan vísindanefndar 2010

Til 1. október 2011 var vísindanefnd þannig skipuð: Helga Ögmundsdóttir, prófessor í Læknadeild, frá Heilbrigðisvísindasviði, formaður, Jón Gunnar Bernburg, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, frá Félagsvísindasviði, Steinunn Gestsdóttir, lektor í Uppeldis- og menntunarfræðideild, frá Menntavísindasviði, Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður á Jarðvísindastofnun, frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Herdís Sveinsdóttir, prófessor í Hjúkrunarfræðideild, frá Heilbrigðis vísindasviði, og Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í Sagnfræði- og heimspekideild, frá Hugvísindasviði. Viðbótarfulltrúar, skipaðir til 1. september 2010, voru: Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild, frá Heilbrigðis - vísindasviði, og Jóhannes R. Sveinsson, prófessor í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði.